

Deildarstjóri Grundasels er **Steinunn Björg Gunnarsdóttir**.

Sími: 854 1324

Netfang: [fristund\(hja\)grundaskoli.is](mailto:fristund(hja)grundaskoli.is)

Beinn sími í Grundasel: 433 1425

Frístund er valkostur fyrir börn í 1. og 2. bekk Grundaskóla og geta þau sótt frístundastarf í Grundaseli að loknum skóladegi, Foreldrar/forsjáraðilar skrá börn í gegnum frístundavefinn völu

<https://fristund.vala.is/umsokn/#/login>

Haustið 2017 var sú breyting gerð á starfi Grundasels að nemendur í 3. og 4. bekk fara í frístund í Þorpinu, félagsmiðstöð Akraneskaupstaðar.

Opnunartími

Frístund er opin til kl. 16:15 alla daga sem skólinn starfar. Á skipulagsdögum kennara opnar frístund kl. 12. Lokað er í vetrarfríum, lögbundnum skólafríum og á skipulagsdögum frístundaheimilanna sem er einn dagur á önn (veturinn 2025-2026 eru það dagarnir 22.september 2025 og 19.febrúar 2026). Á haustin byrjar frístund sama dag og skólastarf hefst og lokar á vorin á síðasta skóladegi fyrir sumarfrí.

Markmið

Markmið Grundasels er að skapa góðan vettvang fyrir frístundastarf yngstu nemenda. Áhersla er lögð á að börn fái að njóta sín, styrki félagsfærni sína og upplifi öryggi til að láta ljós sitt skína. Leikur og skapandi starf eru lykilþættir í daglegu starfi.

Hjá okkur starfar fjölbreyttur og samhentur hópur starfsfólks sem leggur sig fram við að skapa öruggt, jákvætt og skapandi umhverfi fyrir öll börn. Við leggjum mikla áherslu á að öll börn hafi jafnan rétt til að tjá sig, segja sína skoðun og taka þátt í að móta daglegt starf.

Í frístundastarfinu gefst börnunum tækifæri til að velja viðfangsefni, taka þátt í fjölbreyttum verkefnum og leika sér frjálst í öruggu umhverfi.

Starfið í Grundaseli

Þegar börnin mæta í Grundasel velja þau sér svæði til að leika á. Þannig fá þau tækifæri til að fylgja eigin áhuga, velja viðfangsefni og njóta þess að taka þátt í leik eða verkefnum sem þau hafa sjálf valið. Þetta stuðlar að aukinni þátttöku, sjálfstæði og möguleikum til að kynnast öðrum börnum með svipuð áhugamál.

Á svæðunum er boðið upp á fjölbreytt leiksvæði og efnivið, allt frá frjálsum leik með leikföng til skapandi verkefna í listasmiðju. Við leggjum áherslu á að börnin finni sig vel í umhverfinu, njóti þess að vera með öðrum og fái útrás fyrir sköpunargleði, forvitni og félagsfærni. Útivera er að sama skapi partur af deginum.

Boðið er upp á síðdegishressingu t.d. ávexti, grænmeti og brauð með áleggi.

Foreldrasamstarf

Við viljum leggja áherslu á gott samstarf við foreldra og viljum skapa heildrænt og styðjandi umhverfi fyrir börnin. Upplýsingaflæði og góð samskipti við heimilin skipta okkur miklu máli.

Almennar upplýsingar

Gjaldskrá fyrir Frístund er ákveðin af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

Lágmarks skráning eru 20 klst. á mánuði og er greitt í samræmi við það jafnvel þó viðvera barns nái ekki þeim fjölda klukkustunda.

1 klukkustund **402 kr.**

Síðdegishressing **157 kr.**

Einstæðir foreldrar fá 35% afslátt af dvalargjaldi og þurfa að sækja um það sérstaklega.

Systkinaafsláttur:

- Yngsta barn greiðir fullt gjald.
- Annað barn greiðir 50% af gjaldi.
- Þriðja barn greiðir 25% af gjaldi.